

<b>þjóðminjasafn Íslands</b>	
Móttekið:	Málalykill:
28/3 2017	02.10.01
Málsnúmer:	Ábm:
2016100024	MH



**MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Sölvhólgsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasimi: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

þjóðminjasafn Íslands  
Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður  
Suðurgötu 41  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík 27. mars 2017  
Tilv.: MMR17020012/3.1

Efni: Fjárveitingabréf

### Um fjárveitingabréfið

Með tilkomu nýrra laga um opinber fjármál er tilefni til að endurskoða árangursstjórnunarferli/ samningaferli mennta- og menningarmálaráðuneytis og ríkisstofnana í heild sinni. Fjárveitingabréf þetta, sem nú er sent stofnunum í fyrsta sinn, er liður í því. Í bréfinu eru tilgreindar fjárveitingar til stofnunarinnar og áherslur sem hafa skal að leiðarljósi í starfsemi ársins.

Í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál hefur verið mótuð stefna fyrir öll málefnavið og málaflokka og á grundvelli hennar hafa stofnanir sett sér stefnu til þriggja ára. Fjárveitingabréfinu er ætlað að gefa yfirsýn yfir tengingar milli stefnu málefnaviðs og/eða málaflokks, fjárveitinga til stofnunar sbr. 28. gr. laga um opinber fjármál og áherslna í starfsemi hennar. Gert er ráð fyrir að fjárveitingabréfið verði undirstaða að virku samtali og skýrum samskiptaleiðum sem þjóni hagsmunum beggja aðila.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun birta bréfið á heimasíðu sinni. Gert er ráð fyrir að stofnunin birti bréfið einnig á heimasíðu sinni. Efnið bréfins eru eftirfarandi:

1. Markmið og áherslur málefnaviðs og/eða málaflokks
2. Endurgjöf á stefnu til þriggja ára og ársáætlun
3. Fjárveitingar komandi árs til stofnunarinnar
4. Almennar áherslur í ríkisrekstri

#### 1. Markmið og áherslur málefnaviðs og/eða málaflokks

Meginmarkmið stjórnvalda fyrir málefnaviðið menning og listir er að auðvelda öllum landsmönum að njóta menningar og lista, jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu, stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfimum. Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málaflokkinn 18.1, safnamál. Markmið málaflokkssins eru að:

1. *Bæta aðgengi að og miðlun að menningu og listum.* Stefna ber að því að gestir eigi, með öflugu safnastarfi, sífellt betri aðgang að menningararfí þjóðarinnar og að honum verði miðlað þannig að fortíð sé tengd við nútíð í sögulegu samhengi.
2. *Efla vernd menningararfí þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.* Auknar kröfur eru m.a. um öryggi safnmuna og að menningararfur þjóðarinnar verði verndaður undir öllum kringumstæðum, t.d. með stefnu í almannavarna- og öryggismálum.
3. *Efla rannsóknir og skráningu.* Mikilvægt er að efla faglegt starf safna um land allt til að tryggja markvissa varðveislu menningararfs og þekkingu á honum til gagns fyrir komandi kynslóðir.

## **2. Endurgjöf á stefnu til þriggja ára og ársáætlun**

Á grundvelli stefna fyrir málefnavið og markmið málaflokka staðfestir ráðuneytið ársáætlun 2017 og stefnu Þjóðminjasafns Íslands enda hefur verið brugðist við athugasemdum sem gerðar voru við vinnslu stefnunnar. Hún er í samræmi við gildandi stefnu stjórnvalda fyrir það málefnavið og þann málaflokk sem við á og innan fjárveitinga til safnsins.

## **3. Fjárveitingar ársins 2017**

Eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum ársins 2017 eru fjárveitingar stofnunarinnar 854,7 m.kr., þar af rekstrartekjur 131,7 m.kr. og framlag úr ríkissjóði 723 m.kr.

## **4. Almennar áherslur í ríkisrekstri:**

### ***Framkvæmd laga um opinber fjármál***

Á árinu 2017 verður unnið að frekari innleiðingu laga um opinber fjármál. Mikilvægt er að ríkisaðilar vinni að þeim verkefnum með fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Forstöðumenn ríkisaðila bera ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir sem samþykktar hafa verið. Þá er mikilvægt að ef veruleg frávik verða frá rekstraráætlun innan rekstrarársins sé ráðuneytinu tilkynnt um það án tafar, ástæður þeirra frávika og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim. Einnig er lögð áhersla á gerð rekstraráætlana sem sýni ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og áætluð útgjöld og tekjur innan ársins. Jafnframt er lögð áhersla á að rekstraráætlun verði endurskoðuð ef breyting verður á fjárveitingu til hlutaðeigandi ríkisaðila eða verkefnis.

Mikilvægt er að bókhald ríkisaðila sé fært með þeim hætti að það gefi rétta mynd af stöðu stofnunar á hverjum tíma. Þá er einnig mikilvægt að haldið sé áfram að þróa mælikvarða sem lagðir eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og haldið sé utan um þróun þeirra með markvissum hætti.

Fyrir hönd ráðherra

  
Karitas H. Gunnarsdóttir

  
Eiríkur Þorláksson